

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær 19. apríl 2016

Undirritaður óskar eftir að bæjarstjórn Garðabæjar falli frá forkaupsrétti sínum vegna sölu á Hliðsvegi 1, milli systrafélaga minna, nánar tiltekið sala frá Fjörukránni ehf til Landnáms ehf.

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 16. maí 2014 var fallist á beiðni undirritaðs um breytingu á kvöð er hvílir á fasteigninni Hliðsvegi 1 hvað varðar hámarksveðsetningu. Með samþykktinni var hámark veðsetningar hækkað í kr. 108.400.000.


Undirritaður fer nú fram á að hámark veðsetningar verði hækkað um kr. 96.000.000 vegna veðsetningar eftirfarandi lána.

- Á 1. veðrétti kr. 156.000.000 vegna tryggingarbréfs útgefið til Landsbanka Íslands
- Á 2. veðrétti kr. 25.000.000 vegna veðskuldabréfs útgefið til Landsbanka Íslands
- Á 3. veðrétti kr. 20.400.000 vegna tryggingarbréfs útgefið til Landsbanka Íslands

Undirritaður hefur sótt um leyfi fyrir byggingu á nýju gistihúsum og stækkun á veitingarhúsnæði og er ósk um viðbótar veðsetningu stór liður í fjármögnun á þeirri uppbyggingu. Fyrir liggur mat fasteignasala þar sem verð húsana er metið eins og þau eru núna að fjárhæð kr. 95.000.000 og kostnaður við uppbyggingu nýju húsana samkvæmt mati byggingarverkfræðings okkar er áætlaður kr. 156.000.000., eða samkvæmt því væri heildarmat eignanna eftir það kr. 251.000.000.

Mér er það mikilvægt að tryggja fjármögnun vegna þessara framkvæmda og taka aukahúsnæðið í rekstur, sem fyrst. Ég leyfi mér því að vona að bæjarráð taki jákvætt í erindið.

Með virðingu og vinsemd.



Jóhannes Viðar Bjarnason.
Kt. 630490 1119